

Kæru félagar.

Ég heiti Gauti Sigurðsson og gef kost á mér í stjórn EFÍA.

Mig langar til að bjóða mig fram til áframhaldandi setu í stjórn EFÍA eftir skemmtileg og fróðleg tvö ár en ég hef nú þegar staðist próf hvað varðar hæfnismat stjórnarmanns hjá Seðlabanka Íslands.

Ástæður fyrir framboði mínu til stjórnar EFÍA eru þær að ég hef mikinn áhuga á lífeyrismálum og að tryggja hag okkar félagsmanna á sem bestan hátt. Sú reynsla sem ég bý yfir og tel að muni reynast mér vel í þágu EFÍA er úr fjármálum og fjárfestingum. Ég hef verið hluthafi og stjórnarmaður hinna ýmsu fyrirtækja og félaga á sviði verktaka-, byggingar, ferðaþjónustu og fasteignafélaga. Ég byrjaði ungur að taka þátt í rekstri fjölskyldu fyrirtækisins og fékk meðal annars að taka þátt í bókhaldi og fjárfestingum. Í ljósi þess sem ofan er talið og brennandi áhuga mínum að starfa fyrir ykkur kæru félagsmenn þá sækist ég eftir þínu atkvæði í stjórnarkjöri til setu í EFÍA.

Minn flugferill fer senn að fylla tvo áratugi en hann hófst hjá Flugfélagi Íslands árið 2005. Ári síðar hóf ég störf hjá Icelandair og hef starfað þar með hléum síðan. Eftir bankahrunið árið 2008 var ég svo lánsamur að komast í vinnu hjá Air Atlanta og var þar í eitt og hálf ár.

Ég bý í Grafarholtinu ásamt eiginkonu minni Kolbrún Maríu og dætrum okkar þremur. Við fjölskyldan stundum ýmist konar útivist en hestamennska og skíði spila þar stærstan sess.

Kær kveðja

Gauti Sigurðsson

